

Eftirlit - Plöntuverndarvörur á markaði 2020

Dagsetning	4. júní 2020
Fyrirtæki	Garðheimar Gróðurvörur ehf.
Heimilisfang	Stekkjarkakka 6, 109 Reykjavík
Kennitala	411091-1209
Starfsemi	Heildsala, smásala
Eftirlitsstaður	Verslun Stekkjarkakka 6, heildverslun Smiðjuvegi 5
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Anton Magnússon, Steinunn Reynisdóttir
Fulltrúi UST	Helga Ösp Jónsdóttir, Björn Gunnlaugsson
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Anton Magnússon, Olga B. Gísladóttir

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í reglubundið eftirlit með plöntuverndarvörum hjá Garðheimum Gróðurvörum ehf. Stekkjarkakka 6, í heildverslun og smásölu þann 25.5.2020. Í eftirlitinu eru plöntuverndarvörur sem settar eru á markað athugaðar með tilliti til hvort þær uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013, reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur¹ og reglugerðar nr. 980/2015 um meðferð varnarefna. Í versluninni og heildsölu var 31 vara tekin til skoðunar og þar af reyndust 3 vörur ekki uppfylla kröfur framangreindra laga og reglugerða.

Vörurnar sem um ræðir eru *Conserve*, *Meltatox* og *Topas 100 EC* en eftirlitið leiddi í ljós að merkingum framangreindra vara er ábótavant líkt og nánar er fjallað um hér að neðan og mun Umhverfisstofnun gera kröfur um úrbætur.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

- **CLP:** Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna².
- **Markaðssetning:** Að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning. Hvað varðar plöntuverndarvörur er markaðssetning það að hafa umráð með sölu, þ.m.t. að bjóða þær til sölu eða afhendingar í öðru formi, hvort heldur er gegn gjaldi eða án endurgjalds, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að undanskilinni endursendingu til fyrri seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á EES-svæði telst markaðssetning.

¹ Sem innleiðir [reglugerð \(EB\) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað](#).

² Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

- **Tímabundin skráning:** Plöntuverndarvörur sem voru með gildar skráningar skv. eldri löggjöf áður en efnalög nr. 61/2013 tóku gildi og sótt var sérstaklega um tímabundna skráningu sbr. ákvæði til bráðabirgða í efnalögum. Tímabundnar skráningar fyrir plöntuverndarvörum gilda þar til að lokið er við að áhættumeta virka efnið í vörunni eða þar til að virka efnið í vörunni hefur verið bannað.
- **Markaðsleyfi:** Leyfi sem veitt er vöru á grundvelli áhættumats. Plöntuverndarvörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur.
- **Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi:** Aðildarríki getur veit gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem þegar hefur verið veitt markaðsleyfi í öðru EES-ríki, sbr. 40 gr. í reglugerð nr. 1007/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað.
- **Leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum:** Leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem er sams konar og samsetning plöntuverndarvöru („viðmiðunarvara“) sem þegar er leyfð í aðildarríkinu, sbr. 52. gr. í reglugerð nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað.
- **Hættuflokkun/flokkun:** Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.
- **Hættumerkingar:** Merkingar á þar til gerðum merkimiða vöru sem flokkast sem hættuleg skv. ákvæðum CLP. Um merkimiðann er fjallað í I. kafla III. bóls CLP.
- **Leyfishafi:** einstaklingur eða lögaðili sem er handhafi leyfis fyrir plöntuverndarvöru.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í því skyni hefur stofnunin m.a. eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögin með samræmdum hættu á landinu öllu. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og með vörum sem þurfa markaðsleyfi. Stofnunin fór í eftirlit þann 25. maí 2020 hjá Garðheimum Gróðurvörum ehf. í heildsölu og smásölu og var markmið þess að skoða hvort plöntuverndarvörur sem fyrirtækið setur á markað uppfylli kröfur varðandi markaðsleyfi og merkingar umbúða sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015 og reglugerð nr. 980/2015.

MARKAÐSLEYFI OG TÍMABUNDNAR SKRÁNINGAR PLÖNTUVERNDARVARA

Plöntuverndarvörur sem á að setja á markað eða nota skulu hafa markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Óheimilt er að setja á markað plöntuverndarvörur sem ekki hafa markaðsleyfi sbr. 2. másl. 1. mgr. 35. gr. efnalaga. Handhafi markaðsleyfis er ábyrgur fyrir markaðssetningu plöntuverndarvöru og því að hún uppfylli kröfur gildandi laga og reglugerða. Leyfishafi getur tilnefnt sérstakan dreifanda til þess að sjá um markaðssetningu vörunnar á grundvelli leyfisins. Ef birgir er ekki skilgreindur af leyfishafa sem dreifandi þarf hann að sækja um leyfi fyrir markaðssetningu vörunnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 544/2015.

Tímabundnar skráningar plöntuverndarvara sem gefnar voru út skv. þágildandi II. bráðabirgðarákvæði efnalaga og breytt var með lögum nr. 57/2019 hafa gildistíma sem hér segir, sbr. núgildandi VI. bráðabirgðaákvæði efnalaga:

- a. í 12 mánuði frá því að virka efnið í vörunni hefur verið áhættumetið og samþykki fyrir því endurnýjað í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, og á meðan afgreiðsla umsóknar um

markaðsleyfi sem sótt hefur verið um fyrir vörunni í samræmi við ákvæði 35. gr. er í vinnslu eða

- b. þar til virka efnið í vörunni verður bannað á Íslandi með reglugerð sem ráðherra setur.

MERKING

Samkvæmt 32. efnalaga skulu birgjar tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Umbúðir skulu merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, magni efnis og efnablöndu, hættusetningum, varnaðarsetningum, viðvörunarorðum og hættumerkjum í samræmi við ákvæði reglugerðar. Það hvaða reglugerð gildir um merkingar plöntuverndarvöru fer eftir því hvort varan sé markaðssett á grundvelli markaðsleyfis eða tímabundinnar skráningar en auk þess gildir 1. kafli III. bóls CLP reglugerðarinnar um merkingar allra efnavara. Þá er kveðið á um það í 4. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur að texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð skuli vera á íslensku ef plöntuverndarvaran hættuflokkast skv. reglugerð nr. 415/2014. Ef plöntuverndarvaran flokkast ekki sem hættuleg skv. reglugerð nr. 415/2014 mega merkingar vera á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Merkingar plöntuverndarvara með markaðsleyfi

Um merkingar plöntuverndarvara með markaðsleyfi sem gefin eru út í samræmi við reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur gilda, umfram kröfur í CLP, ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 547/2011. Þar eru í I. viðauka talin upp merkingaratriði sem fram skulu koma á plöntuverndarvörum með markaðsleyfi en að auki ber að athuga hvort staðlaðar setningar vegna sérstakrar áhættu eða varúðarráðstafana eigi við um vöruna, sbr. II. og III. viðauka reglugerðarinnar.

Merkingar plöntuverndarvara með tímabundna skráningu.

Um merkingar plöntuverndarvara með tímabundna skráningu gildir, umfram kröfur í CLP, V. ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna sem kveður á um að um merkingarnar fari samkvæmt reglugerð 1002/2014. Í 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 eru talið upp í sextán staflíðum hvaða atriði skuli koma fram á merkingum plöntuverndarvara sem markaðssett eru á grundvelli tímabundinnar skráningar.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara			
Admire	InsektFri Spruzit N Koncentrat	Permasect C	Topsin M
Alar	InsektFri Spruzit N Klar-til-brug	Pirimor	Toxan illgresiseyðir
Botanigaard WP	Keeper L. illgresiseyðir	Previcur Energy	Toxan illgresiseyðir – úði
Centium	Meltatox	Roundup GP	UkrudtsFri KVIK klar-til-brug
Conserve	Mogeton illgresiseyðir	Roundup úði	UkrudtsFri KVIK Koncentrat
Devrinol	Neem Azal T/S, 10 ml	Select 240 EC	UPL CCC 750
Ferramol	Neem Azal T/S 100, 5 ltr	Shirlan	Vertimec
Húsa- og garðaúði	Paraat	Topas 100 EC	

Þrjár þeirra vara sem féllu undir umfang eftirlitsins uppfylla ekki kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

Conserve

FRÁVIK

MERKING

- Frávik frá 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014. Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækisins:
 - Uppfæra þarf hættusetningar:
 - Fjarlægja setninguna: Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
 - Bæta við: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
 - Bæta við: Inniheldur 1,2 benzisotiazol-3(2H)-ON. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
 - Uppfæra þarf varnaðarsetningar:
 - Bæta við: Gætið þess að anda ekki inn ýringi.
 - Bæta við: Geymist á læstum stað.
 - Fjarlægja setninguna: Forðist mengun vatnasviðs (ár, lækir, skurðir, vötn) með efninu eða íláti þess.
 - Bæta við: Mengið ekki vatn með efninu eða ílátum þess. Hreinsið ekki búnað nálægt yfirborðsvatni.
 - Uppfæra þarf leyfða notkun efst á merkimiða:
 - Bæta við: Skordýraeyðir gegn kálflugu við ræktun á gulrófu, næpu, kínakáli, höfuðkáli, blöðrukáli, blómkáli og spergilkáli utandyra.
 - Uppfæra þarf uppskerufrest:
 - Bæta við / uppfæra: 3 dagar við ræktun í gróðurhúsum. 28 dagar við ræktun utandyra.
 - Bæta þarf við notkunarleiðbeininum og skammtastærðum vegna notkunar gegn kálflugu.

Meltatox

FRÁVIK

MERKING

- Frávik frá 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014. Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækisins:
 - Uppfæra þarf merkimiðann miðað við hættuflokkun vörunar og hættusetningar:
 - Bæta við hættumerkinu GHS07 Heilsuskaði.
 - Bæta við: Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.
 - Fjarlægja þarf: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
 - Bæta við: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
 - Bæta við: Inniheldur dódemorf. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
 - Uppfæra þarf varnaðarsetningar:
 - Bæta við: Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
 - Bæta við: Mengið ekki vatn með efninu eða íláti þess.

Topas 100 EC

FRÁVIK

MERKING

- Frávik frá 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014. Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækisins:

- Uppfæra þarf uppskerufrest:
 - Fjarlægja þarf: Jarðarber 14 dagar.
 - Bæta við: Tómatar, gúrkur og jarðarber: 3 dagar.

ÁBENDINGAR

Stofnunin vill koma nokkrum ábendingum á framfæri um merkingar plöntuverndarvara sem eru ekki talin vera frávik frá kröfum gildandi laga og reglugerða en mælst til þess að fyrirtækið taki þessar ábendingar til skoðunar. Ekki eru gerðar kröfur um úrbætur vegna þessa ábendinga.

Admire

Í eftirlitinu fannst varan *Admire* 500 g þar sem merkingum var ábótavant á þann hátt að umbúðastærð er röng. Á merkimiðanum kemur fram 100 g en umbúðirnar eru í raun 500 g. Stofnunin bendir á að fyrir næstu útprentum á merkimiðum fyrir *Admire* skal umbúðastærð vera uppfærð í 500 g.

Mogeton illgresiseyðir

Tímabundin skráning T-2013-064 á Mogeton illgresiseyðir féll úr gildi 31.12.2019. Frestur til sölu og dreifingar á fyrirliggjandi vörubirgðum rennur út **30. júní 2020**. Stofnunin bendir á að stutt er í að frestur til sölu og dreifingar á vörunni Mogeton illgresiseyði sé liðinn og að ekki sé heimilt að selja vöruna eftir 30. júní 2020.

Akureyri, 4. júní 2020



Helga Ösp Jónsdóttir